



**GJÖGUR HF**  
**GRENIVÍK**

## UMHVERFISSTEFNA

Gjögri hf. er umhugað um umhverfis- og sótspor félagsins og leitar leiða til að lágmarka það og leggja í mótvægisáðgerðir þar sem óhjákvæmileg losun á sér stað.

## ÚTBLÁSTUR

Félagið leggur metnað sinn í að fylgjast með framþróun í tækni- og vélabúnaði og leggur áherslu að fjárfesta í þeim búnaði sem minnstum útblástri veldur. Vegalengdir í siglunum og flutningum skulu lágmarkaðar. Fiskvinnsla hússins er eingöngu búin rafmagnstækjum, þmt lyfturum. Kælikerfi félagsins, um borð í skipum og í fiskvinnslu, eru öll endurnýjuð.

### Verkefni í staða:

1. Nýsmíði í gangi með hagkvæmari aðalvél og landtengingarmöguleikum
2. Flotastýring til að lágmarka siglingatíma skipa
3. Flutningastýring til að lágmarka flutninga
4. Ákvarðanir um öll veiðarfæri skulu teknar út frá sótspori.

## NYTJASKÓGRÆKT

Gjögur hf ætlar með nytjaskógrækt að minnka kolefnisspor félagsins. Nytjaskógræktin felur í sér að plantað er trjám sem síðar binda kolefni og til verða skógarkolefniseiningar sem hafa verðgildi á almennum markaði og geta nýst félaginu. Einnig fellur undir nytjaskógræktina viðarframleiðsla og önnur skógarnot fram tíðinni.

Gjögur hf er ekki landeigandi en hefur stofnað dótturfélagið Gjögurtá ehf, sem fjárfest hefur í 496 ha jörð á Suðurlandi. Við val á þeirri jörð var þess gætt að nytjaskógræktin sé fallin til þess að styðja við ábúð á viðkomandi svæði, styrkja nærliggjandi byggð og jákvæða þróun hennar. Þess verður gætt að skógræktin skerði ekki ræktunarland til matavælaframleiðslu og sé í samræmi við flokkun lands viðkomandi sveitarfélags.

Nytjaskógræktin er háð opinberum leyfum og aflar Gjögurtá ehf slíkra leyfa en gætir einnig að framangreindum samfélagslegum forsendum. Fyrir hvert verkefni gerir skógfræðingur skógræktaráætlun sem fullnægir skilyrðum alþjóðlegra staðla um vottun kolefniseininga. Skógræktaráætlun er unnið þannig að í senn verði náð markmiðum nytjaskógarins, annarra skógarnota, útivistar og að skógurinn komi til með að falla vel að landslaginu, m.a. með vali á blönduðum trjátegundum. Undir umsjón skógfræðings eru gerðir samningar um plöntukaup, jarðvinnu og gróðursetningu. Trjáplönturnar og skógurinn verður varinn gegn ágangi búfjár með fjárheldri girðingu.

#### **Verkefni í staða:**

- 5. Framkvæmdaleyfi fyrir 1. áfanga sem er 42 ha komið**
- 6. Samningar um plöntukaup fyrir þann áfanga hafa verið gerðir og hefst útplöntun á þessu ári.**
- 7. Girðingarvinna er lokið**
- 8. Unnið er að undirbúningi 2. áfanga**
- 9. Verkefnið verður forskráð hjá loftlagsskrá 2024**
- 10. Stefnt er að vottun á skógrækt 2030**

### **S O R P S T E F N A**

Allt rusl skal flokkað og skilað í endurvinnslu. veiðarfæri eru send til endurvinnslu.